

10.02.2020


SNÚUM SAMDRÆTTI Í VÖXT

Landsframleiðsla á mann er mælikvarði á efnahagsleg lífskjör íbúa landsins. Eftir samfelldan átta ára vöxt dróst landsframleiðslan á mann saman á síðasta ári um 1,5%. Flest bendir til þess að sú þróun haldi áfram í ár en m.v. nýja þjóðhagsspá Seðlabankans og fjólsfjöldaspá Hagstofunnar mun landsframleiðsla á mann dragast saman um 1,1% í ár.

Litið til síðustu áratuga er fátítt að landsframleiðsla á mann dragist eins mikið saman. Ef litið er til síðustu 30 ára eru tímabilin einungis tvö. Annars vegar er það á árum fjármálakreppunnar 2008 og hins vegar í efnahagssamdrættinum í byrjun tíunda áratugar síðustu aldar þegar saman fór aflsamdráttur og viðskiptakjararýrnun.

Orsök niðursveiflunnar nú er samdráttur í gjaldeyrstekjum sem er einn sá mesti í þrjá áratugi. Samdráttur í flugframboði, loðnubrestur, minni álframleiðsla og kórónaveira eru allt þættir sem dregið hafa úr gjaldeyrissköpun hagkerfisins. Áhrif minni gjaldeyrstekna hafa verið að breiðast um hagkerfið og sjást áhrifin m.a. í umtalsverðum samdrætti í fjárfestingum atvinnuveganna. Fyrirtæki hafa brugðist við með hagræðingu en launþegum fækkar nú í öllum helstu greinum iðnaðar og í viðskiptahagkerfinu almennt. Þetta hefur leitt til þess að atvinnuleysi hefur aukist og var það komið í 4,3% í desember síðastliðnum sem er eitt það mesta sem sést hefur hér á landi.

Verg landsframleiðsla á mann,
magnbreyting frá fyrra ári, %



SAMDRÁTTURINN Í FYRRA VAR Í RAUN MEIRI


Reikna má með því að samdrátturinn í landsframleiðslu á mann hafi verið meiri á síðastliðnu ári en ofangreindar tölur benda til. Augljóst ofmat virðist vera í tölum Hagstofunnar um vöxt íbúðafjárfestingar á síðastliðnu ári sem leiðir til ofmats á vexti landsframleiðslu á milli ára. Í gögnum Hagstofunnar fyrir hagvöxt á þriðja ársfjórðungi er, svo dæmi sé tekið, sagt að íbúðafjárfesting hafi aukist um 54% frá sama tímabili árinu áður. Á sama tíma bendir talning Samtaka iðnaðarins í september síðastliðnum til þess að íbúðum í byggingu hafi fækkað um ríflega 2%. Um er að ræða umtalsverðan mun. Flest bendir til að Hagstofan

hafi fært inn á síðastliðið ár hluta hagvaxtar árána 2017-2018 vegna tafa við skráningu byggingarfulltrúa á íbúðum í byggingu.

MIKIÐ ATVINNULEYSI

Skellurinn er mikill á vinnumarkaði en atvinnuleysi mælist nú 4,3% m.v. skráningar á vinnumiðlunum. Samtals eru nú ríflega 8 þúsund manns á atvinnuleysisskrá. Í ljósi sögunnar er þetta mikið atvinnuleysi. Spáir Seðlabankinn því að atvinnuleysi verði að jafnaði 4,2% í ár og viðlíka á næsta ári eða 4,1%. Má segja að einungis á tveim tímabilum á síðustu 60 árum hafi atvinnuleysi verið þetta hátt, þ.e. eftir fjármálaáfallið 2008 og síðan í efnahagssamdrættinum í upphafi tíunda áratugar síðustu aldar.

Atvinnuleysi, %




HVAÐAN Á VÖXTUR GJALDEYRISTEKNA AÐ KOMA?

Íslenska hagkerfið er mjög háð erlendum viðskiptum. Skellurinn á síðastliðnu ári sem hagkerfið varð fyrir í samdrætti gjaldeyrstekna var stór en áætlað er að þær hafi dregist saman um nær 6% á árinu. Gjalddeyrstekjur eru lífæð okkar hagkerfis og því er alvarleiki þessa skells mikill fyrir íslenskan þjóðarhag. Þetta er í fyrsta sinn sem gjalddeyrstekjur dragast saman síðan 2006. Síðustu 30 ár hafa gjalddeyrstekjur einungis dregist saman í þrjú ár, þ.e. árið 2006 og síðan 1991-1992.

Áleitinn spurning er hvaðan á viðsnúningurinn í gjalddeyrstekjum sem knýja mun næstu efnahagsuppsveiflu að koma. Laun eru há hér á landi í erlendum samanburði en laun á vinnustund mælt í erlendri mynt er meðal þess hæsta sem gerist meðal iðnvæddra ríkja. Útlit er fyrir að í ár muni laun hækka hér á landi nokkuð umfram laun í helstu viðskiptalöndunum líkt og á síðasta ár.

Á sama tíma er framleiðni að dragast saman en á síðast ári lækkaði framleiðni vinnuafis í fyrsta sinn síðan 2010. Útlit er fyrir að það gæti einnig orðið raunin í ár. Lýsir þetta veikri og versnandi samkeppnisstöðu innlendra fyrirtækja gagnvart erlendum keppinautum m.t.t. launakostnaðar. Raungengi krónunnar á mælikvarða launa er sögulega hátt. Í þessu ljósi er erfitt er að sjá fyrir sér að vaxandi gjalddeyrstekjur þessara fyrirtækja muni verða drifkraftur uppsveiflu í íslensku efnahagslífi á næstunni.

Útflutningur vöru- og þjónustu, magnbr. frá fyrra ári, %



Í skýrslu um atvinnustefnu sem Samtök iðnaðarins birtu undri lok árs 2018 kemur fram að til þess að standa undir viðunandi hagvexti hér á landi þurfa útflutningstekjur að verða um 1.500 mö.kr. meiri árið 2050 en þær voru það ár.¹ Aukningin nemur um einum milljarði króna á viku. Gefur það hugmynd um umfang þess verkefnis sem við blasir. Ljóst er að ekki verður af þessum vexti nema með öflugri samkeppnishæfni atvinnuveganna. Í skýrslunni eru fjölmargar tillögur þess efnis. Einungis með úrbótum á sviði samkeppnishæfni getum við snúið þeim samdrætti sem þjóðin er að upplifa nú í vöxt og tryggt að Íslandi verði áfram í fremstu röð þar sem fólk vill setjast að, búa og reka atvinnustarfsemi.

¹ https://www.si.is/media/_eplica-uppsetning/SI_Atvinustefna_skyrsla_final.pdf